# Við innleiddum Agile – hvað svo?

Baldur Kristjánsson

UTMessan – 8. febrúar 2013

# Dagskrá

- Agile og Scrum
- Sagan og staðan á Íslandi í dag
- Fjórar góðar hugmyndir
- Spurningar


Responding to
Change
Core
Agile
Values
Working
Products
Customer
Collaboration
Individuals
& Interactions




Copyright © 2005, Mountain Goat Software

# Saga Agile aðferða á Íslandi

- 2000-2006: Tilraunatímabilið
  - Framsýnir menn prófa framúrstefnulegar aðferðir
- 2007-2008: Íslensk fyrirtæki kynnast Agile og Scrum
  - Flestir segja þó: “Þetta er bara enn ein tískubólan”
  - CCP og Síminn ryðja brautina
- 2009-2012: Agile og Scrum verða “mainstream”
  - Agile er regla frekar en undantekning hjá hugbúnaðarhúsum og fjármálafyrirtækjum
- 2013-?: Agile og Scrum eru ekki lengur ný hugmynd
  - Umbótastarf fer víða fram á grundvelli Agile

# Agile fyrirtæki og stofnanir á Íslandi

Heimildir: Advania, Agile netið, Sprettur

# Hverju skilar Agile-væðing?

- State of Agile 2011 (VersionOne, 6042 svör)



# Er þetta þá komið?

- Ef Agile er svona frábært, hvers vegna sjáum við bara hóflega afkastaaukningu?
- Er meira á bak við Scrum en “mannganguinn” ?
- Við tókum stökk fram á við með Agile-innleiðingunni, en hvað er næsta skref?

# Hugmynd 1: Teymisvinna

- **Samvinna** er innbyggð í Agile verklag
  - Fólk skipuleggur vinnuna í sameiningu og nálgast hana af áhuga
  - Verkefni flæða þægilega á milli þeirra sem vinna þau
  - Erfiðu smáatriðin eru rædd án þess að neinn fari í vörn
  - Samskipti eru augliti til auglitis og ganga út á að byggja upp skilning
- **Teymisvinna** er leið til nýsköpunar og betri lausna
  - Óheft tjáskipti án persónulegra markmiða
  - Þátttakendur byggja hver á hugmyndum annars
  - Hugmyndir og lausnir sem enginn hefði getað séð fyrir sér einn síns liðs

# Hugmynd 2: Liðsstjórinn

- Er þjálfari íþróttaliðs óþarfa yfirbygging?
- Gerir þjálfari íþróttaliðs meira gagn ef hann spilar líka með liðinu?

- Þjálfari sigursæls Scrum-liðs:
  - Aðstoðar þá sem eru fastir við úrlausn vandamála en virkjar líka getu þeirra til að koma með eigin lausnir
  - Hjálpar liðsmönnum að vaxa og dafna
  - Ræðst markvisst á fyrirstöður sem hægja á framgangi
  - Stuðlar að umbótum í starfsháttum og vinnuumhverfi liðsins
  - Miðlar málum þegar upp koma árekstrar
  - Upplýsir hópinn hlutlægt um eigin frammistöðu
  - Lóðsar fundi, umræður og teymisvinnu
  - Horfir á skóginn en ekki trén

# Hugmynd 3: Betri Product Owner

- Forysta - Áhugi og tilgangur með daglegum störfum er einn sterkasti hvati þekkingarstarfsfólks
- Þjónusta við þróunarteymið – vinnan strandar ekki á skorti á upplýsingum og útskýringum
- Forgangsröðun – viðvarandi gagnrýnin hugsun um allt sem kemur upp á borðið – er þetta nauðsynlegt?
- Opin augu og eyru – hlustar á allar óskir, hugmyndir og gagnrýni og mótar bestu lausnirnar
- Hæfni – sérþekking á viðfangsefninu, samskipta- og söluhæfileikar, tæknileg þekking og þykkur skrápur

**“Innovation is not about saying yes to everything. It's about saying NO to all but the most crucial features.” - Steve Jobs**



# Hugmynd 4: Nálgun stjórnenda

- Hvað gera stjórnendur í Agile fyrirtæki?

1. Stjórnun teyma – leiðir til að mynda framúrskarandi teymi og viðhalda þeim til langframa – “intimate outsider”
2. Stjórnun fjárfestinga – minni áhersla á áætlanir og meira á hvað er besta fjárfestingin í augnablikinu
3. Stjórnun vinnuumhverfis – fjárfesta í umbótum sem draga úr flöskuhálsum í verkefnavinnu

(Adkins, 2008)

- Agile stjórnun er þjónandi forysta!

# Samantekt

- Scrum er hægt að nota í allri þróunarvinnu í sérfræðiteymum
- Ávinningur strax:
  - Meiri samvinna - ánægðara starfsfólk
  - Allt verður sýnilegt – líka það sem við vildum ekki vita af
  - Áherslan á tilbúna vöru styttir tímann frá hugmynd að veruleika
- Einfalt að skilja – erfitt að ná tökum á
- Við erum rétt að byrja!

?

baldur.kristjansson@advania.is